



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

## Skólaráðsfundur 9.október 2017

Fundurinn fer fram í Gamla skólans við Suðurgötu hefst kl. 16:00

Í hinu nýja skólaráði Seyðisfjarðarskóla sitja fulltrúar grunn-, leik- og tónlistarskóla, fulltrúar foreldraráða og grenndarsamfélags. Á þessum fyrsta fundi eru mættir eftirfarandi fulltrúar: Svandís Egilsdóttir, Ólafía Stefánsdóttir, Elfa Ásgeirsdóttir, Gunnar Einarsson, Mikael Yngvasson og Þorkell Helgason, sem ritar fundargerð.

1. Svandís leggur fram til kynningar „Handbók um skólaráð“, sem er gefin út af Reykjavíkurborg fyrir skólana þar.  
Hún fór svo yfir helstu hlutverk skólaráðsins; hvaðan fulltrúar koma og hvert bakland þeirra er. Svandís leggur einnig fram fundarplan/starfsáætlun fyrir komandi skólaár, þar sem kemur fram að 6. fundir eru fyrirhugaðir í vetur, auk þess verði einn er opinn fundur. Einnig er rætt um líklega kandiáttá til að skipa þau sæti sem eftir eru og komu þá upp eftirfarandi nöfn: *Kristín Sigurðardóttir, Jón H. Guðmundsson, Daniela Webrová, Beata Kizewska og Sonja Stefánsson* og mun skólastjóri hafa samband við þau.
2. Svandís lagði fram starsáætlun grunnskóla,-leik.-og listadeild Seyðisfjarðarskóla fyrir komandi vetur. Þær eru skoðaðar og ræddar, og leiðréttar eða bætt við eftir því sem þurfa þykir. Rætt er um mannhald og sagði Svandís að það væri að komast í þokkalega stöðu. Einnig var rætt um matseðlana með tilliti til þess að skólinn er orðinn heilsuefandi skóli. Rætt um öryggismál nemenda, en í nokkur skipti í haust hefur skapast hætta vegna umferðar á götunni framan við skólann.
3. Svandís spyr hvort skólaráðsmenn hafi hugmyndir eða tillögur um umræðuefni á skólaþinginu þann 31. október næstkomandi. Ýmsar hugmyndir eru ræddar sem tengjast starfsemi skólans eða umhverfismálum.
4. Ekki er starfandi félagsmiðstöð það sem af er vetri, en verið er að ræða hugmyndir, bæði innan skólans og foreldrafélagsins. Spurt er um félagsmál innan grunnskóladeildar og segir Gunnar Einarsson frá að nemenda-ráð hafi sótt landsþing félagsmiðstöðva. Innan skólans sé lítið í boði, en þó hafi nemendur aðkomu að Litlu jólum, auk tilfallandi átaksverkefna.
5. Spurt er hvernig gangi í skólanum núna, þar sem allar bekkjadeildir eigi nú heimastofu í gamla skóla. Að sögn Svandísar eru nemendur bara þokkalega ánægðir, t.d. nefni þeir nýja heimilisfræðslustofu í nýja skóla og bókasafnið þar. Ný skólabjalla hefur líka fallið vel í kramið hjá nemendum og nágrönnum og eru allflestir ánægðir með hana. Einnig er rætt um að gera þurfi betur í að bæta hljóðvist í deildum skólans og hvað þurfi að gera til að bæta hana.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið,

Keli